

3. Tékkávisanirnar.

Hér var um 3½ árs gamalt atvik að ræða, sem ekki er kært fyr en löngu seinna, og öll ástæða er til að ætla, að ekki hafi upphaflega átt að verða til þess að skaða neinn fjárhagslega. Enda ekki heldur kært af þeim, sem upphaflega fékk greiðslu með þessum tékkávisunum.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, en hefir áður hlotið refsíðóm fyrir brot gegn 101. gr. alm. hegningarlaga. Samkvæmt þessu og því, sem að framan hefir verið greint, þykir refsing sú, sem hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin, samkvæmt 253. gr. alm. hegningarlaga, sbr. lög nr. 51, 7. maí 1928, þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

En fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907 eru haldin.

Ákærði greiði allan kostnað málsins.

Miðvikudaginn 12. dez. 1934.

Nr. 163/1934. **Valdstjórnin** (Eggert Claessen)

gegn

Karl Kristensen (Lárus Jóhannesson).

Bruggun.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 11. sept. 1934: Kærður, Karl Kristian Sinius Kristensen, sæti 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði 500 króna sekt til ríkissjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirting dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað 25 daga einföldu fangelsi.

Kærður greiði kostnað sakarinnar.

Hið ólöglega áfengi og bruggunartæki skulu upptæk og eign ríkissjóðs.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, er í hinum áfrýjaða dómi greinir, ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málsúrslitum verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Ákærði, Karl Kristensen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakararinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Eggerts Claessen og Lárusar Jóhannessonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinar hálfu höfðað gegn Karl Kristian Sinius Kristensen, bifreiðarstjóra, til heimilis Selbúðum 10 hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 64, 1930, og eru málavextir þeir, er nú skal greina:

Við húsleit, er fram fór á heimili kærðs að undanegnum dómsúrskurði, fundust bruggunaráhöld og nokkuð af fullbrugguðum spíritus. Játaði kærður að vera eigandi að þessu og hafa stofnað til bruggunar fyrir um 4 vikum síðan, lagt einu sinni í og fengið úr löguninni 7—8 lítra af fullbrugguðum spíritus.

Áfengið, utan það, sem hjá honum fannst, kveðst hann hafa selt hinum og þessum á 6—8 krónur $\frac{1}{4}$ flöskuna.

Samkvæmt vottorði Efnarannsóknarstofunnar reyndist styrkleiki sýnishorna, sem tekin voru af áfenginu 67,2% og 0,40% hvorutveggja reiknað eftir rúmmáli.

Þetta brot kærðs varðar við 6. gr. og 11. gr., sbr. 30. gr. og 32. gr. áfengislaga nr. 64, 1930, þykir refsing hans, sem dæmdur var í aukarétti Reykjavíkur hinn 17. júní 1932 í 12 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir ólöglega meðferð á fundnu fé, hæfilega ákveðin 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 500 króna sekt til rikissjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með 25 daga einföldu fangelsi.

Kostnað sakarinnar greiði kærður.

Hið ólöglega áfengi og bruggunartæki skulu upptæk og eign rikissjóðs.

Á málinu hefir ekki orðið dráttur.

Miðvikudaginn 12. dez. 1934.

Nr. 167/1934. Réttvísinn og valdstjórnin

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Guðmundi Ragnari Magnússyni

(Theódór B. Lindal).

Hegningarlaga- og áfengisl. brot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 3. maí 1934: Ákærði, Guðmundur Ragnar Magnússon, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 40 daga og greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, er í hinum áfrýjaða dómi segir, ber að staðfesta hann.